



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aðkomu að iðnaðarhverfi á Flötunum í Grafarvogi (US210023).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 3. febrúar sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir því að aðkoma að iðnaðarhverfi sem staðsett er á Flötunum í Grafarvogi verði bætt. Núna er aðeins hægt að koma inn í hverfið á einum stað. Mikilvægt er að aðkoma að hverfinu sé frá tveim stöðum, því er lagt til að gerð verði aðkoma að hverfinu sem tengist Hallsvegi. Einnig er það lagt til að núverandi aðkoma sem er að hverfinu við Strandveg/Rímaflöt verði lagfærð. Þar eru núna umferðarljós og börn mikið að fara yfir þessar götur til þess að komast í Gufunesbæ. Mikil hætta hefur oft skapast við þessi gatnamót og því mikilvægt að gera á þeim úrbætur áður en slys verða þar.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 10. febrúar sl.

Umsögn:

Af hálfu skrifstofunnar er tekið undir að vel kæmi til greina að gera aðra aðkomu að hverfinu frá Hallsvegi. Árið 2015 var lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi, sem unnin var fyrir Reykjavíkurborg, þar sem gert var ráð fyrir tengingu um hringtorg á Hallsvegi og norður að Bæjarflöt. Tillagan var auglýst frá 5. júní 2015 til og með 17. ágúst 2015.

Hallsvegur er þjóðvegur í veghaldi Vegagerðarinnar, sem gerði athugasemd við fyrirhugaða breytingu á deiliskipulaginu. Í athugasemd Vegagerðarinnar sagði:

Þar sem Hallsvegur er enn í umsjón Vegagerðarinnar og er jafnframt mikilvægur tengivegur milli Vesturlandsvegur og Sundabrautar samkvæmt aðalskipulagi getur Vegagerðin ekki samþykkt nýja tengingu eins og sýnd er á meðfylgjandi deiliskipulagstillögu.



Hverfisráð Grafarvogs lagðist jafnframt gegn fyrirhugaðri tengingu, með bókun í fundargerð ráðsins þann 10. júlí 2015, þar sem sagði m.a.:

Hverfisráðið leggst því alfarið gegn því að vegtenging verði gerð frá Hallsvegi inn á Gylfaflöt. Hverfisráð Grafarvogs leggur til að allt umferðarskipulag þessa svæðis verði tekið til endurskoðunar. Hætt verði við hringtorgið sem tillagan fjallar um og í stað þess verði sett hringtorg á gatnamót Hallsvegar, Strandvegar og Gullinbrúar og þar bætt við tengingu inn á Gylfaflöt.

Íbúasamtök Grafarvogs lögðust jafnframt gegn fyrirhugaðri tengingu, með vísan til ofangreindrar bókunar í fundargerð Hverfisráðs Grafarvogs og eftirfarandi umsögn:

Stjórn íbúasamtaka Grafarvogs leggst alfarið gegn því að vegtenging verði gerð frá Hallsvegi inn á Gylfaflöt í þeim deiliskipulagstillögum sem verið er að kynna.

Í ljósi framkominna athugasemda lagði skipulagsfulltrúi til að tenging frá Hallsvegi að Bæjarflöt yrði felld út úr deiliskipulagsbreytingu. Deiliskipulagsbreytingin, án tengingar frá Hallsvegi, var samþykkt í borgarráði þann 29. október 2015.

Hvað varðar gatnamót Strandvegar, Rimaflatar og Gufunesvegar, eru fyrirhuguð ný gatnamót norðar á Strandvegi sem tengjast munu Gufunesvegi, sem munu fela í sér nokkrar breytingar á nefndum gatnamótum. Gatnamótin sjálf eru einnig á lista yfir nauðsynlegar umferðaröryggisaðgerðir en komust ekki til framkvæmda í ár vegna forgangsröðunar verkefna.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri